

Ed. 251. Frumvarp til laga [138. mál]

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nú sé falt lán á vegum Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins til Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar. Þar sem lántakan þurfi að fara fram í janúarmánuði beri brýna nauðsyn til að afla lagaheimildar til að ríkissjóður geti ábyrgzt lántökuna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Jónsson.